

Utan dagskrár

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég kom í pontu þremur mánuðum of snemma, ég er svo óvanur að koma þarna megin að. En fyrir það fyrsta þá er hér á dagskrá að okkar beiðni umræða um lýðræði í Reykjavík. Við komum því á framfæri við ekki réttan aðila á föstudag að við vildum að þetta yrði tekið á dagskrá þar sem að við töldum að okkur gæfist færi á að ræða lýðræði í dagskrárlið 1. í umræðu um sóknaráætlun. Á föstudag var þessum lið breytt úr tillögu í umræðu, þannig að ég óska þá eftir því að 5. liður verði felldur hér út. Þess í stað þá óska ég eftir því, að það verði tekið inn með afbrigðum tillaga sem ég óska eftir að flytja hér á eftir og hún er svona:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að veita sem samsvarar 100 kr. á hvern íbúa Reykjavíkur til hjálparstarfs vegna náttúruhamfara og yfirstandandi hörmunga á Haítí. Verði Rauða krossi Íslands falin ráðstöfun fjárins. Féð komi af áætlunarlið ófyrirséð og ég kem til með að leggja til að þessi tillaga verði í nafni allrar borgarstjórnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og kynnt tillögu sem að krefst afbrigða. Þá hefur hæstvirtur borgarstjóri óskað eftir að taka til máls.

Utan dagskrár

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúanum fyrir þessa tillögu og held að það sé alveg einboðið að það sé sameiginleg áhersla borgarstjórnar að huga að þessu máli, þannig að ég tek undir tillöguflutning borgarfulltrúans og hvernig hann stillir því þannig upp að það verði sameiginleg tillaga af hálfu borgarstjórnar og legg til forseti, að þar sem að tillagan er borin upp hér að dagskrárliðurinn verði ræddur seinna á fundinum og við fáum örlítið ráðrúm til þess að tala saman inni á fundinum og stilla tillöguna af, þannig að hún geti verið þannig að öll borgarstjórn geti stutt hana.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur tekið til máls og hér hefur sem sé verið flutt tillaga og borgarstjóri hefur óskað eftir því að þessi tillaga verði rædd frekar. En ég hins vegar ætla að leita núna á þessari stundu afbrigða um að tillagan verði tekin á dagskrá og þeir sem að samþykkja það gefi merki. Einhver á móti. Það er enginn á móti. Hún er samþykkt tillagan. En hún kemur þá til umfjöllunar síðar á fundinum, samkvæmt ákvörðun forseta.